



Fundargerð

334. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
Fimmtudaginn 9. febrúar 2012, kl. 15.30.

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir oddviti, Eiríkur Kristjánsson varaoddviti, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 5 blaðsíður.

Oddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka fjögur mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 333. fundur hreppsnefndar 12. janúar 2012.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

2. Skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 6. febrúar 2012.

Farið yfir fundargerð.

Liður 1 – mál 1101027 Framkvæmd við Vestfjarðarveg 60, milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Samþykkt.

Liður 2 – mál 1202008 Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir. Sveitarstjóra falið að rita erindi til Siglingastofnunar varðandi sjóvarnir Flatey.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. 9. fundur Velferðarnefndar Stranda og Reykhólahrepps.

Fundargerð lögð fram.

Mál til afgreiðslu:

1. 12002002 – Þriggja ára áætlun.

Fyrri umræða.

Drög að þriggja ára áætlun lögð fram og þeim vísað til seinni umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 1202003 - Ísland atvinnuhættir og menning 2012.

Erindi frá ritstjóra útgáfunnar Ísland 2010-atvinnuhættir og menning dagsett 18. janúar 2012.

Sveitarstjórn þakkar boðið, en ákveður að taka ekki þátt að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.



3. 1202004 – Samstarfssamningur barnaverndarnefnda.

1. Bókun frá 43. fundi Barnaverndarnefndar Húnaþings vestra og Héraðsnefndar Strandasýslu dagsett 1. febrúar 2012.
2. Bókun frá fundi Héraðsnefndar Strandasýslu, erindi dagsett 23. janúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps fagnar komandi samstarfi við Húnaþing vestra og Strandir í barnaverndarmálum.

Farið yfir samning um kosningu og rekstur á sameiginlegri barnaverndarnefnd. Sveitarstjórn Reykhólahrepps bendir á að skoða þurfi lið 2.0 í samningnum, hvernig standa skuli að kosningu nefndarmanna.

4. 1201020 – Skólahreysti 2012

Umsókn um styrk. Erindi frá Icefitness janúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps styrkir ekki Skólahreysti að sinni. Samþykkt samhljóða.

5. 1202005 – Samstarfsverkefni Bændur græða landið.

Beiðni um styrk. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dagsett 12. janúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps styrkir ekki málefnið Bændur græða landið að sinni. Samþykkt samhljóða.

6. 1202006 – Góðverkadagarnir 2011.

Beiðni um styrk. Erindi frá Bandalagi íslenskra skáta dagsett 16. janúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps styrkir ekki málefnið Góðverkadagarnir að sinni. Samþykkt samhljóða.

7. 1202007 – Tillaga frá 47. sambansþing UMFÍ.

Erindi frá UMFÍ dagsett 3. janúar 2012.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu. Samþykkt samhljóða.

8. 1202012 – Umsögn um mál 392. frá umhverfis og samgöngunefnd Alþingis.

Erindi frá nefndarsviði Alþingis dagsett 3. febrúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

9. 1202013 – Umsögn um mál 293 frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Erindi frá nefndarsviði Alþingis dagsett 3. febrúar 2012.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

10. 1106001 – Deiliskipulag fyrir fjögur svæði vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi nr. 60.

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg þann 8. sept. 2011. Tillagan, var sett fram í greinargerð með umhverfisskýrslu



dags. 1. september, fjórum deiliskipulagsuppdráttum ásamt skýringaruppdrætti sem allir voru dagsettir 6. júní 2011. Tillagan var auglýst skv. 41. gr. Skipulagslaga frá 15. sept. til 31. okt. 2011.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma en umsagnir bárust fyrir auglýsingu frá eftirtöldum aðilum: Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dags. 28. júlí 2011, Fornleifavernd ríkisins dags. 9. ágúst 2011, Breiðafjarðarnefnd, dags. 17. ágúst 2011, Vesturbyggð, dags. 25. ágúst 2011, Vegagerð ríkisins, dags. 8. september 2011 og Umhverfisstofnun dags. 3. október 2011. Tekið hefur verið tillit til allra umsagna sbr. kafli 11. um samantektin skv. 9. gr.

Fyrir fundinum lá bréf Skipulagsstofnunar dags. 8. febrúar 2012 og var tekin afstaða til ábendinga stofnunarinnar. Lagfæringar á deiliskipulagsgögnum voru samþykktar og sveitarstjóra falið að ganga frá niðurstöðu hreppsnefndar í greinargerð deiliskipulagsins. Að öðru leyti verði deiliskipulag fyrir Vestfjarðaveg samþykkt óbreytt. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að afgreiða deiliskipulagið skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og birta auglýsingu í b-deild Stjórnartíðinda að undangenginni yfirferð Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða.

10. 1202012 – Umsögn um mál 342. mál til umsagnar.

Erindi frá nefndarsviði Alþingis, dagsett 8. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

11. 1202016 – Umsögn um mál 343. mál til umsagnar.

Erindi frá nefndarsviðið Alþingis, dagsett 8. febrúar 2012.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn, samþykkt samhljóða.

12. 1202017 – Fjölgun tíma í félagsstarfi í Reykhólaskóla.

Erindi frá nemendum í 7. til 10. bekk Reykhólaskóla dagsett 6. febrúar 2012.

Sveitarstjórn samþykkir að vera við erindinu til reynslu út skólaárið 2011 -2012. Samþykkt samhljóða.

13. 1202018 - Samantekt vegna 25. ára afmælis Reykhólahrepps.

Oddvita og sveitarstjóra falið að skoða málið.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.30

